

Viðauki II



PÓST- OG FJARSKIPTASTOFNUN

**Niðurstöður úr samráði PFS um drög að
ákvörðun PFS um gjaldskrá Mílu fyrir
Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir
stofnlínuhluta leigulína**

12. ágúst 2015



EFNISYFIRLIT

Bls.

1. Inngangur	3
2. Athugasemdir Vodafone	4



1. Inngangur

Í þessu skjali er að finna samantekt þeirra athugasemda sem bárust vegna samráðs Póst- og fjarskiptastofnunar (PFS) um frumdrög ákvörðunar varðandi gjaldskrá Mílu fyrir Ethernetþjónustu á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína. Frumdrögin voru lögð fyrir hagsmunaaðila til samráðs á heimasíðu stofnunarinnar þann 23. desember 2014 og lauk samráðinu þann 10. febrúar sl.

Athugasemdir bárust frá Fjarskiptum hf. (Vodafone) og voru athugasemdirnar sendar til umsagnar hjá Mílu. Svör Mílu eru tilgreind á eftir athugasemdum Vodafone.

Leitast hefur verið við að greina allar þær athugasemdir sem máli skiptu og svara þeim. Í lok umfjöllunar um hverja athugasemd er stutt samantekt um afstöðu PFS.

2. Athugasemdir Vodafone

Vodafone bendir á að Míla ætli að bjóða upp á tvær tegundir af Ethernetþjónustu. Annars vegar þá gömlu SDH og hins vegar þá nýju MPLS-TP. Það sem sú nýja eigi að hafa fram yfir þá gömlu er að hægt sé að skilgreina meðal annars mismunandi forgangsöröðun pakka, frátaka eða samnýta bandvídd, forgangsraða og VLAN-aðgreina.

Vodafone nefnir að fyrirtækið eigi erfitt með að sjá muninn á þessum vörum þar sem vitað sé að EoS¹ varan sé boðin á TP búnaði Mílu. Vodafone telur það einkennilegt að þessar vörur séu aðskildar og í raun óeðlilegt að svo sé þar sem ódýrari varan sé boðin á herra verði. Vodafone geti ekki annað séð en að þær breytingar sem verið sé að gera, geri söluaðila einfaldara fyrir að setja upp hvaða verð sem er fyrir umrædda vöru. Slíkt fyrirkomulag muni koma verst niður á samkeppnisaðilum Símasamstæðunnar á fjarskiptamarkaði.

Vodafone fari því fram á við PFS að gerð verði mun nákvæmari skil á þessum tveimur vörum, þ.e. hvar, hvenær og hvernig þær eru boðnar viðskiptavinum Mílu. Vodafone telji óeðlilegt að Míla sé að innheimta fyrir EoS en sé um leið að notast við TP búnað, sbr. Húsavík, Lundur, Þórshöfn, Vopnafjörður, Borgarfjörður og Raufarhöfn.

Andsvar Mílu

Að mati Mílu virtust athugasemdir Vodafone byggjast á misskilningi á forsendum þeirrar þjónustu sem verið væri að bjóða á tilgreindum svæðum. Míla væri að bjóða upp á nýja þjónustu sem er tæknióháð og væri það mikil einföldun að horfa til þess búnaðar sem nýttur væri hverju sinni til þess að veita þjónustuna. Þess mætti einnig geta að PFS hefði ítrekað lagt áherslu á að þjónusta skyldi vera óháð tækni. Míla andmælti því að unnt væri að eyrnamerkja þjónustu tiltekinni tækni og ákveðnum búnaði. Búnaðurinn sem Míla nýtti undir Ethernetþjónustuna hér væri s.k. „hybrid“ búnaður en það þýddi að sami búnaður gæti þjónað hlutverki hefðbundinna leigulína auk Ethernetþjónustu. Við endurnýjum á búnaði væri eðlilegt að Míla fjárfesti í búnaði sem nýttist sem best til framtíðar en það væri ekki þar með sagt að Míla teldi hagkvæmt að bjóða þessa vöru með þeim skilmálum sem henni fylgdu á öllum stöðum um leið og settur væri upp nýr búnaður. Auk þess myndi það taka töluverðan tíma að fá nýja staði samþykkt af PFS þar sem það leiddi að líkindum til þess að Míla yrði að endurreikna verð. Viðtökur markaðarins og skilyrði á hverju markaðssvæði myndu ráða því hvort eða hvenær bætt yrði við svæðum fyrir Ethernetþjónustu. Það hlyti að vera á forræði Mílu hvort og hvar Ethernetþjónustan yrði í boði enda væri ávallt hægt að leigja hefðbundin leigulínusambönd á þessum sömu stöðum.

Að mati Mílu skýrði vörulýsing Ethernetþjónustunnar vel í hverju þjónustan fælist og hver munurinn væri á henni og hefðbundinni leigulínuþjónustu. Í verðskránni væri einnig tæmandi listi yfir staði þar sem þjónustan væri í boði.

Þá mótmælti Míla því að þessi vara leiddi til þess að fyrirtækið gæti sett upp hvaða verð sem væri fyrir Ethernetþjónustuna. Eins og Vodafone ætti að vera kunnugt byggði verð fyrir vörur

¹ Ethernet over SDH.



á markaði 14, þ.m.t. Ethernetþjónustan á ítarlegri kostnaðargreiningu sem háð væri samþykki PFS.

Míla mótmælti því einnig að hin nýja vara kæmi verst niður á samkeppnisaðilum Símasamstæðunnar enda væri það órökstutt af hálfu Vodafone hvernig það mætti vera. Þessi vara væri í boði jafnt fyrir alla aðila á markaði enda hefðu aðilar á fjarskiptamarkaði almennt sýnt vörinni áhuga. Meðal viðskiptavina í Ethernetþjónustu væru [...]².

Þá kæmi fram hjá Mílu að fullyrðingar Vodafone um tiltekinn MPLS-TP búnað stæðust ekki í öllum tilvikum en hins vegar eins og Míla benti á hér að framan hefði staðsetning búnaðar í sjálfu sér enga þýðingu í samhengi við þá verðskrá sem hér væri til umfjöllunar. Þá vildi Míla að lokum benda á að öllum fyrirtækjum á fjarskiptamarkaði bæri lagaleg skylda til að gæta trúnaðar um þær upplýsingar sem þau kynnu að komast að vegna þess aðgangs sem þau hefðu. Í því sambandi vísaðist einkum til 26. gr. fjarskiptalaga nr. 81/2003 og trúnaðarákvæða í samningum milli fyrirtækja, sbr. trúnaðarákvæði í viðmiðunartilboðum Mílu. Bent skyldi á að í tækjarýmum Mílu væri gjarnan fleiri en eitt fjarskiptafyrirtæki með búnað og trúnaðarskylda ríkti um alla þá sem um rýmið gengu.

Afstaða PFS

Sú Ethernetþjónusta sem Míla er að veita með MPLS-TP búnaði sínum og var fyrst kynnt síðastliðið vor er í þróun og hefur þeim stöðum farið fjölgandi þar sem þessi þjónusta er í boði frá því Míla kynnti þessa vöru í upphafi. Eins og fram hefur komið hjá Mílu þá hyggst fyrirtækið halda áfram útbreiðslu á þessari vöru og bæta við fleiri stöðum þar sem þjónustan er veitt með það markmið að þessi þjónusta (sem byggir á MPLS-TP búnaði) muni að lokum taka við af SDH leigulínum um allt land. Á meðan á þessari þróun stendur á sér stað val hjá Mílu um forgangsróðun þegar fyrirtækið ákveður á hvaða stöðum eða svæðum er fjárfest í búnaði til að veita þessa þjónustu. Ýmis sjónarmið geta haft áhrif á val á svæðum þar sem komið er fyrir nýjum búnaði og er viðhaldspörf einn þáttur. Einnig má búast við að áætluð eftirspurn sé ráðandi þáttur þar sem meiri eftirspurn skilar betri nýtingu á búnaðinum.

Þeir staðir þar sem þessi þjónusta er nú í boði á voru tilgreindir í samráðsskjalinu, sjá kafla 2.2. Það er því alveg ljóst hvar þessi þjónusta er núna í boði. Á þessum stöðum hafa viðskiptavinir Mílu kost á velja á milli hefðbundinna leigulína og hinnar nýju Ethernetþjónustu Mílu.

Í þeirri gjaldskrá sem lögð var fram til samráðs eru staðir utan landshrings sameinaðir í eitt svæði og mánaðargjald er greitt í samræmi við fjarlægðarflokk og gagnflutningshraða en óháð því hvar á landinu staðurinn er. Tilgangurinn með því fyrirkomulagi var meðal annars að auðvelda innkomu nýrra staða þar sem ekki þarf að uppfæra kostnaðargreininguna með hverjum nýjum stað, sbr. kafla 2.7.2 í samráðsskjalinu. Það er því ekki rétt að það þurfi að endurreikna verð með hverjum nýjum stað eins og Míla leiðir líkur að. Þegar að því kemur að sú gjaldskrá sem hér er lögð fram verður endurskoðuð mun ný kostnaðargreining hins vegar taka tillit til kostnaðar vegna þeirra staða sem bæst hafa við frá þessari kostnaðargreiningu.

² Fellt brott vegna trúnaðar.



Núverandi gjaldskrá mun því gilda um nýja staði sem Míla bætir við þar til verð verða endurskoðuð næst.

Samkvæmt núgildandi viðmiðunartilboði fyrir leigulínur þarf Míla að kynna nýjar leigulínuþjónustur þrem mánuðum áður en veiting þjónustunnar hefst. Mílu er því heimilt að bjóða Ethernetþjónustu á nýjum stað þrem mánuðum eftir að Míla hefur tilkynnt markaðsaðilum um áform sín um að hefja veitingu þjónustunnar á viðkomandi stað.

Fyrirliggjandi er bráðabirgðagjaldskrá fyrir Ethernetþjónustu Mílu fyrir staði utan landshrings og mun það að opna fyrir þessa þjónustu á nýjum stöðum ekki fela í sér breytingu á gildandi gjaldskrá.

PFS telur mikilvægt að Míla gæti jafnræðis í hvívetna við val á nýjum stöðum fyrir Ethernetþjónustu sína í samræmi við almenna jafnræðiskvöð á heildsölumarkaði fyrir stofnlínuhluta leigulína. Eftirspurn frá ótengdum aðilum á ekki undir neinum kringumstæðum að hafa minna vægi við ákvörðunartöku Mílu um slíka uppbyggingu en eftirspurn frá Símasamstæðunni.

PFS furðar sig á síðustu málsgrein í andsvari Mílu hvað varðar trúnað fjarskiptafyrirtækja sem virðist beint að Vodafone. Vodafone er að sjálfsgöðu heimilt að koma með ábendingar til PFS til að upplýsa mál sem er til meðferðar hjá stofnuninni þó að upplýsingarnar byggji á því sem starfsmenn Vodafone verða áskynja í tækjarýmum Mílu. Ef Míla telur að upplýsingarnar séu ekki réttar hefur fyrirtækið alltaf kost á að leiðrétta það. PFS þarf í mörgum tilfellum að reiða sig á að upplýsingar frá Mílu séu réttar og hefur ekki haft ástæðu til að ætla að viljandi sé verið að gefa stofnuninni rangar upplýsingar. PFS telur hins vegar að það sé mjög mikilvægt að fá athugasemdir frá markaðsaðilum til að fá betri mynd af aðstæðum og málavöxtum í hverju máli.